



Anna Helga Kristjánsdóttir

MS verkefni: Evaluation of Salicylic Acid in Saliva for Therapeutic Drug - Monitoring of Acetylsalicylic Acid

Höfundur: Anna Helga Kristjánsdóttir er fædd 21. október 1999, og er alin upp í Grafarvogi en er núna búsett á Akranesi. Foreldrar hennar eru Jenný Lúðvíksdóttir og Kristján Ragnarsson. Hún lauk stúdentsprófi af náttúrufræðibraut frá Kvennaskólanum í Reykjavík árið 2018. Eftir útskrift fór hún til Frakkalands sem au pair og var þar hjá franski fjölskyldu í eitt ár. Árið 2020 hóf hún BS-nám í lyfjafræði við Háskóla Íslands, sem hún lauk vorið 2023. Í

framhaldinu hélt hún áfram í meistaranám í sama fagi. Samhliða námi hefur hún starfað í ýmsum apótekum og mun starfa hjá Apóteki Vesturlands eftir útskrift.

Stuttur útdráttur úr ritgerð: Meginmarkmið þessarar rannsóknar var að meta hvort munnvatn væri viðeigandi lífsýni við greiningu salisýlsýru (SA) eftir inntöku asetýlsalisýlsýru (ASA) og meta þar með meðferðarheldni sjúklinga. Raman litrófsgreinir var upprunalega notaður í þessum tilgangi, hinsvegar reyndist sú meðferð ekki næginlega næm til að mæla uppleysta SA. Því var áherslunni breytt og var ákveðið að nota hágæða vökvaskiljun með útfjólublárri ljósgreiningu (HPLC-UV), bæði til að magngreina og kanna mögulega fylgni milli styrk í plasma og munnvatni. HPLC-UV aðferð var þróuð og staðfest fyrir línuleika, nákvæmni, sérhæfni og næmni. Klíníska rannsóknin fór fram á níu heilbrigðum einstaklingum, sem allir tóku 500 mg af ASA, plasma og munnvatnssýnum var síðan safnað á 3 tímapunktum, fyrsta var tekið fyrir inntöku ASA, næsta 1 klukkustund eftir inntöku og það þriðja tveimur tímum eftir inntöku. Sýnin voru unnin með viðeigandi aðferðum, með hliðsjón af því hvort um var að ræða plasma eða munnvatn áður en þau voru mæld með HPLC-UV. Hlutfall milli munnvatns og plasma reyndist ónákvæmt og þar með takmarka notagildi munnvatns sem áreiðanlegt lífsýni til að meta meðferðarheldni ASA. Þörf er á frekari rannsóknum til að varpa ljósi á þá þætti sem stuðla að þessum breytileika milli sýnategunda.